

**Sp.**

**278. Tillaga til þingsályktunar**

[149. mál]

um veðurathugunarstöðvar á fiskimiðum.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta gera áætlun um kostnað við að koma upp og starfrækja sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar úti á fiskimiðum, þar sem helzt væri talin þörf á, í því skyni að veita skipstjórnarmönnum sem nákvæmasta veðurlýsingu.

**Greinargerð.**

Fátt er sjómönnum nauðsynlegra við störf sín en nákvæm vitneskja um veður og veðurhorfur á miðunum. Þær veðurlýsingar, sem þeir hafa við að styðjast, eru eingöngu frá stöðvum í landi, ef frá eru talin nokkur veðurskip allfjarri landinu og þeim miðum, sem máli skipta. Augljóst er, að verulega getur munað á veðri á miðunum og á þeim veðurstöðvum í landi, sem næstar eru. Þar gætir margs kyns áhrifa landslagsins, sem koma fram með mismunandi hætti, eftir því t. d., um hvaða vind-átt er að ræða.

Þótt skipstjórnarmenn hafi yfirleitt mikla reynslu í að meta upplýsingar frá einstökum veðurstöðvum og draga af þeim ályktanir um veður á fiskimiðunum, þá er augljóst, hve aukin not væru að því að fá einnig veðurlýsingar beint af miðunum.

Slíkar stöðvar, sem komið er fyrir úti á sjó og veita á sjálfvirkan hátt upplýsingar um veðrið, eru til, m. a. notuðu styrjaldaraðilar þær í síðustu heimsstyrjöld.

Full ástæða virðist til að kanna, hvort ekki er tæknilega og fjárhagslega kleift að koma nokkrum slíkum stöðvum fyrir úti á miðunum hér við land, þar sem mestar líkur væru taldar á, að sjómenn hefðu not af þeim. Svo mikilvæg eru þjóðinni störf sjómanna, að um alla hugsanlega þjónustu við þá ber Íslendingum skylda til að standa framur því, sem þekkist meðal annarra þjóða.

Með þingsályktunartillögu þessari er því lagt til, að gerð verði áætlun um kostnað við að koma upp og starfrækja sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar úti á fiskimiðunum. Ef veðurathugunarstöðvar þessar gætu annars vegar stuðlað að því, að ekki sé róð í ófæru, og hins vegar að því, að fleiri róðrardagar nýtist en ella, er ljóst, að þar er um að ræða mjög miklar fjárhæðir, svo að ekki sé minnzt á þær auknu slysavarnir, sem þær gætu stuðlað að. Slíkar stöðvar mundu auk þess auka öryggi við veðurspár og koma að gagni við almennar veðurrannsóknir.